

Móttakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd

Nafn sendanda: Sandgerðisbær

Dagsetning: 16. mars 2017

Heiti máls: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis).

Málsnúmer: 106

Umsögn

Almennt álit

Sandgerðibær hvetur alþingismenn til þess að hafna frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi um breytingu á lögum nr. 86 frá 2011 um verslun með áfengi og tóbak. Landlæknir, heilbrigðisstarfsfólk, samtök lækna og fjölmargir fagaðilar sem vinna að heilsueflingu og velferðarmálum vara við þeirri breytingu sem felst í samþykkt frumvarpsins. Bent er á að rannsóknir sýna að aukið aðgengi að áfengi leiðir til aukinnar neyslu, meðal annars meðal barna og ungmenna. Kannanir sýna að meirihluti landsmanna er andvígur frumvarpinu.

Rannsóknir hafa sýnt að aukin neysla á áfengi hefur í för með sér fjölþætt samfélagslegt tjón. Íslendingar hafa tekið forvarnir gegn ávana- og vímuefnaneyslu barna og ungmenna föstum tökum sem vakið hefur eftirtekt annarra þjóða. Þar hafa sveitarfélögin lagt sitt af mörkum, meðal annars með fjölbreyttu og faglegu framboði á íþrótt-, lista- og tólmundarstarfi fyrir börn og unglunga. Sandgerðisbær leggur mikla áherslu á forvarnastarf og setur í forgang að búa börnum og ungmennum sem best uppvaxtarskilyrði. Heilsa íbúa, hagsmunir og velferð barna og ungmenna eiga að njóta forgangs í allri stefnumörkun. Aukið aðgengi að áfengi og áróður í formi áfengisauglýsinga gengur gegn því sjónarmiði.

Verði frumvarpið samþykkt stangast það á við stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuefnavörnum, vinnur gegn forvarnarstarfi sveitarfélaga undanfarin ár auk þess að stangast á við aðgerðaráætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar gegn lífsstílstengdum sjúkdómum sem og nýlega samþykktum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Sandgerðisbær óskar þess að þingmenn taki alvarlega þær ábendingar og athugasemdir sem sérfræðingar hafa bent á og hagsmunir heildarinnar og lýðheilsusjónarmið verði höfð að leiðarljósi og frumvarpinu hafnað.

Fyrir hönd Sandgerðisbæjar



Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri.